

17
21. marz

SAMÞYKKT

um

lokunartíma rakarastofa og hárgreiðslustofa í Reykjavík.

1. gr.

Rakarastofum og hárgreiðslustofum í Reykjavík skal loka eftir því, sem ákveðið er í 1., 2. og 5. grein samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga árs skal rakarastofum og hárgreiðslustofum lokað ekki síðar en kl. 7 síðdegis nema á laugardögum og miðvikudaginn fyrir sumardaginn fyrsta og uppstigningardag kl. 8 síðdegis. Stofurnar skulu ekki opnaðar aftur fyr en kl. 8½ árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú greinir:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal stofunum lokað ekki síðar en kl. 4½ síðdegis og laugardaginn fyrir páska og hvítasunnu ekki síðar en kl. 6 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda stofunum opnum til kl. 11 síðdegis.

Á tímabilinu frá 1. júlí til 31. ágúst skal á laugardögum loka stofunum ekki síðar en kl. 6 síðdegis.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og 2. ágúst mega engar rakarastofur eða hárgreiðslustofur vera opnar. Ef 2. ágúst ber upp á sunnudag skal loka stofunum 3. ágúst. Annan helgidag stórhátíða og skírdag mega stofurnar þó vera opnar kl. 9—11 árdegis.

4. gr.

Menn, sem eru komnir inn í rakarastofur eða hárgreiðslustofur fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum og renna sektirnar í bæjarsjóð.

Mál útaf brotum gegn samþykktinni skal reka sem almenn lög-reglumál.

Samþykkt þessi, sem gjörð er af bæjarstjórn Reykjavíkurborgar, samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, um samþykktir

um lokunarbúða í kaupstöðum, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918 og lög nr. 17 12, 7. maí 1928 um viðauka við þau lög, er hérmeð staðfest til að öðlast 21. marz þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. marz 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

REGLUGJÖRÐ

18

27. marz

um

próf löggiltra endurskoðenda, verksvið þeirra o. fl.

Samkvæmt lögum nr. 9., 15. júní 1926, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði um löggildingu endurskoðenda o. fl.

I. KAFLI.

Löggilding.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra löggildir endurskoðendur, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í reglugjörð þessari.

2. gr.

Umsókn um löggildingu sendist atvinnumálaráðuneytinu ásamt skilríkjum um, að umsækjandi uppfylli þau skilyrði, sem útheimtast til löggildingar samkvæmt reglugjörð þessari, 3. gr. a.—d.

3. gr.

Sá einn getur öðlast löggildingu, sem fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

- a) Er íslenzkur ríkisborgari, eða hefir sama rétt, enda sanni umsækjandi þá fyrir prófnefndinni að hann hafi fullnægjandi þekkingu í íslenskri tungu.
- b) Hefir náð lögaldri.
- c) Er fjár síns ráðandi.
- d) Hefir óflekkað mannorð.